

Kynningarfundur vegna tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu boðar til kynningar skv. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Kynningin verður á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi mánudaginn 6. júlí 2009.

Gerð er tillaga um eftirfarandi breytingar á svæðisskipulaginu.

1. Landbúnaðarsvæði í landi Sölvabakka í Blönduósbæ breytt í sorpförgunar- og efnistökusvæði.
2. Landbúnaðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota í landi Hnjúka austan við Blönduós er breytt í iðnaðar- og athafnasvæði
3. Landbúnaðarsvæði á Öxl II í Húnavatnshreppi breytt í verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota.

Lögformleg auglýsing breytingartillögunnar verður jafnframt til sýnis frá 6. júlí 2009 til 4. ágúst 2009 og á eftirfarandi stöðum; Skrifstofu Húnavatnshrepps, Húnavöllum, skrifstofu Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar, Túnbraut 1-3, skrifstofu Skagabyggðar, Örlygsstöðum 2, Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, í Reykjavík og á heimasíðum sveitarfélaganna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 18. ágúst 2009.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu